

## Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sýslumann

Fyrir hönd sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar vill undirritaður koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við áform dómsmálaráðherra, sem fram koma í drögum að frumvarpi til laga um sýslumann, um að fækka sýslumannsembættum úr níu í eitt.

Embætti sýslumanna eru mikilvægar þjónustustofnanir í nærsamfélaginu, enda hefur Alþingi falið sýslumönnum framkvæmdavald ríkisins í héraði og fjöldi fólks nýtir sér þjónustu þeirra á degi hverjum. Árið 2015 var embættunum var fækkað úr 24 í 9 með það að markmiði að efla þjónustu og hlutverk sýslumannsembættanna, auk þess að færa til þeirra verkefni. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2019 kemur fram að markmið þeirrar aðgerðar hafi aðeins að litlu leyti gengið eftir og fátt bendir til þess að frekari fækkun muni skila meiri árangri. Þvert á móti bendir allt til þess að þörf fyrir sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir í héraði fari vaxandi, enda fjölgar íbúum landsins jafnt og þétt, hvort sem litið er til landsbyggða eða höfuðborgarsvæðis.

Með fækkun sýslumannsembætta úr níu í eitt og aukinni miðstýringu væri endanlega gangið á milli bols og höfuðs á sýslumannsembættunum. Nær væri að fylgja eftir markmiðum breytinganna frá 2015, greina ástæður þess að þær hafa ekki skilað árangri og tryggja að markmiðin nái fram að ganga.

Í kynningartexta í samráðsgátt segir eftirfarandi:

*„Með frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting á skipulagi sýslumannsembættanna, að þeim verði fækkað úr níu í eitt þannig að hægt verði að byggja upp öflugar og nútímalegar þjónustueiningar um land allt, þar sem sinnt verður bæði miðlægum og sérhæfðum verkefnum á landsvísi ásamt þjónustu í heimabyggð, eins nálægt fólki og kostur er. Við breytinguna verður landið að einu lögsagnarumdæmi og því munu einstaklingar geta nýtt sér þjónustu sýslumanns eftir því sem þeim hentar hverju sinni. Miðað er við að starfsemi sýslumanns verði svæðisskipt, með svipaðri landfræðilegri skiptingu og nú gildir fyrir umdæmi sýslumanna, og að innan hvers svæðis verði starfandi stjórnandi sem ber ábyrgð á daglegri stjórn starfsstöðva þess svæðis og þeim verkefnum sem honum eru falin af sýslumanni. Þá er að auki lagt til að þjónusta sýslumanns verði aðgengileg að mestu leyti með óbreyttu sniði, þ.e. hjá þeim sveitarfélögum sem sinna þjónustu embættanna í dag, en að unnið verði að því að nýta húsnæðikosti embættanna betur ásamt því að stuðla að auknu samstarfi við aðrar ríkisstofnanir og sveitarfélög. Með frumvarpinu er lagt til að aðsetur sýslumanns, þ.e. starfsstöð hans og eftir atvikum hluta yfirstjórnar, verði á landsbyggðinni“.*

Í greinargerð með frumvarpsdrögnum er eftirfarandi texti um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar:

*„Ljóst þykir að markmiðum um bættu þjónustu við almenning verður seint náð án þess að taka skipulag sýslumannsembættanna til gagngerrar endurskoðunar. Í löggjöf sem varðar verkefni sýslumanna er víðs vegar að finna ákvæði um verkaskiptingu og valdmörk sýslumanna, sem byggir á umdæmismörkum og valdheimildum embættanna. Að auki er að finna í lögum ýmsar hindranir fyrir innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar og þar með bættri þjónustu embættanna við almenning. Þar sem hluti löggjafar er varðar verkefni sýslumanna er undanskilin gildissviði stjórnsýslulaga nr. 39/1997, skortir sýslumönnum að hluta heimildir til að útfæra þjónustuna með rafrænum hætti. Af þeirri ástæðu þarf að gera ýmsar breytingar á löggjöf sem varðar verkefni sýslumanna, með það að markmiði að hún verði tæknilega hlutlaus, ásamt því að sýslumanni verði tryggðar fullnægjandi heimildir fyrir stafrænni þjónustu þar sem aðstæður leyfa. Núgildandi löggjöf sem varðar verkefni sýslumanna er að miklu leyti úrelt og samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru til nútíma þjónustustofnana“.*

Í ofangreindum textabrotum eru talin upp ýmis verkefni sem þarfnast úrlausnar og kalla á endurskoðun laga um sýslumenn til að færa þjónustu embættanna til nútímalegra horfs. Ekkert bendir þó til annars en þau verkefni megi leysa án þess að fækka embættunum og án þess að stofna miðlæga yfirstjórn. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að auka sérhæfingu sýslumannsembætta, veita samþætta þjónustu á landsvísu eða að auka stafræna þjónustu í núverandi skipulagi. Engin haldbær rök eru færð fyrir því í greinargerðinni með frumvarpsdrögum að lausnin felist í sameiningu embætta og aukinni miðstýringu, þótt því sé ítrekað haldið fram.

Á það skal einnig bent að tillaga um aukna miðstýringu í þjónustu sýslumanna er í andstöðu við þau markmið sem sett eru fram í stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 og Hvítbók um byggðamál frá 2021, og virðist þannig í engu í samræmi við stefnumótun ríkisvaldsins í byggðamálum.

Virðingarfyllt

Jón Hrói Finnsson

Verkefnastjóri sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar